



# Skrifstofa jafnréttismála

Jafnréttisráð Kærufélag jafnréttismála

Alþingi

Erindi nr. P 117 / 89

Kvinnudagur 22 / 11 1993

Ragnhildur Arnjótsdóttir,  
Alþingi.  
fax 630610

Reykjavík, 19. nóv. 1993.

Í framhaldi af símtali okkar í dag sendi ég þér hugleiðingar mínar um 7. gr. frumvarpsins um félagslega aðstoð, settar á blað án þess að hafa haft tíma til að skoða nákvæmlega. Næsti fundur Jafnréttisráðs verður 2. desember n.k. Því mun það taka nokkurn tíma ef óskað er eftir faglegri umsögn þeirra.

Líklegt er að þessi lagagrein standist ekki jafnréttisdirektíf EB 76/207 frá feb. 1976 um sömu meðhöndlun kvenna og karla. Það er jafnvel líklegt að þetta ákvæði standist ekki lög nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það hafa gengið dómur innan EB þar sem reynt hefur á lífeyri samkvæmt einkasjóðum, sambærilegt við íslensku lífeyrissjóðina. Greiðslurnar eru hluti af launum og verða því að standast jafnlaunaákvæði og jafnlaunadirektíf EB.

Þetta ákvæði fjallar félagslega aðstoð eða e.k. tryggingarbætur en ekki laun í skilningi laga. Hún felur hins vegar í sér réttindi til hana konum sem uppfylla tiltekin skilyrði um aldur og lögheimili. Ákvæðið er þannig kynbundið sem er hæpið.

Ef það er vilji löggjafans að tryggja konur við þessar aðstæður þá mætti hugsa sér að ákvæðið yrði gert kynhlutlaust, þ.e. tæki til ekkna og ekkla.

Það mætti líka hugsa sér að ákvæðinu yrði breytt þannig að það tæki til ekkla/ekknna sem ekki hafa launaðar tekjur við lát maka. Til hliðsjónar mætti þá hafa orðaval lokamgr. 14. gr. laga nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ.e. að ekkjan/ekkillinn hafi sannanlega haft að aðalstarfi að halda heimili fyrir hinn látna. Það yrði svo túlkunaratriði hvort hlutastarf utan heimilis réttlæti þessar bætur. Einnig mætti hugsa sér útfærslu sem tengdist meira launatapinu sem viðkomandi verður fyrir við lát maka, þ.e. ef að hinn látni maki hefur sannanlega aflað t.d. 60% af heimilistekjunum, þá ....

Að lokum vil ég gera athugasemd við að þessar ekkjubætur eigi að falla niður ef ekkja fer í óvígða sambúð. Það stendst tæpast að mínu viti, þar sem það er ekki gagnkvæm framfærsluskylda milli sambúðarfólks. Ekki enn alla vega.

Kveðjur,

  
Elsa S. Þorkelsdóttir.